

LÖG SKÁTAFÉLAGSINS FARFUGLA

Kafli A – Nafn og starfshættir félagsins

1. grein – Nafn og starfssvæði

Félagið heitir Skátafélagið Farfugla, staðsetning þess og starfssvæði er á Breiðdalsvík og Stöðvarfjörður og í nærumhverfi bæjarfélaganna.

2. grein – Regnhlífarsamtök félagsins

Félagið er aðili að Bandalagi íslenskra skáta (hér eftir BÍS) og starfar samkvæmt lögum, grunngildum, reglugerðum og stefnum sem BÍS setur í sameiningu um skátastarf á Íslandi. Félagið er í gegnum aðild sína að BÍS hluti af Æskulýðsvettvanginum (hér eftir ÆV) og fylgir siðareglum, stefnu í kynferðisbrotamálum, stefnu í eineltismálum, viðbragðsáætlun og öðrum samþykktum sem ÆV kann í sameiningu að setja til að tryggja faglega og örugga starfshætti æskulýðsfélaga á Íslandi.

3. grein – Markmið og leiðir

Markmið félagsins er að styðja og hvetja ungt fólk til að verða ábyrg, sjálfstæð og virk í lýðræðislegri þáttöku í sínu samfélagi. Þessum markmiðum hyggst félagið ná með:

- Hópvinnu til að þroska tillitssemi, samstarfshæfileika, ábyrð og stjórnunarhæfileika.
- Útilífi til að efla líkamsþrek og vekja áhuga á náttúrunni og löngun til að vernda hana.
- Fjölbreyttu starfi sem kennir ungum sem eldri skátum margvísleg nýtsöm störf, sjálfum þeim og öðrum til heilla.
- Þáttöku í alþjóðastarfi skátahreyfingarinnar til að gefa skátum tækifæri til að kynnast ungu fólk frá öðrum löndum, háttum þess og menningu.

4. grein – Starfsár félagsins

Starfsár félagsins skal ná frá 1. ágúst hvert ár til 31. júlí árið eftir. Félagið skal útbúa skýrslu um hvert starfsár fyrir aðalfund félagsins, Bandalag íslenskra skáta, sveitarstjórn og aðra áhugasama um starf félagsins. Það skal einnig gera starfsemi félagsins upp fárhagslega samkvæmt sama tímatali og skulu ársreikningar félagsins aðgengilegir viðeigandi aðilum. Stjórn skal í upphafi hvers starfsárs útbúa starfsáætlun fyrir komandi starfsárs sem skal liggja fyrir um miðjan september á hverju starfsári. Þar skal vera viðmið um helstu viðburði s.s. ferðir, aðalfund félags og aðrar stærri uppákomur.

Kafli B – Félagsaðild og skyldur

5. grein – Aðild og skyldur félaga

Til að gerast félagi þarf viðkomandi að vera á þeim starfsaldri sem stjórn félagsins ákveður hverju sinni. Þá getur viðkomandi skráð sig í opið félagatal félagsins og greiðir félagsgjöld til að teljast fullgildur félagi. Sé viðkomandi ekki sjálfþráða þarf forráðamaður að skrá viðkomandi.

Félagar hafa skátalögin, skátaheitið, kjörorð skáta að leiðarljósi og starfa eftir þeim lögum, stefnum og samþykktum sem skátafélagið, BÍS og ÆV setja en stjórn skátafélagsins, stjórn BÍS og viðbragðsaðilar hjá ÆV er heimilt að vísa félögum úr starfi brjóti þeir gegn þeim.

Kafli C– Stjórnun félagsins

6. grein – Aðalfundur

Aðalfundur fer með æðstu stjórn í málefnum skátafélagsins. Aðalfundur skal haldinn ekki síðar en mánuði fyrir Skátaþing á hverju starfsári. Rétt til setu á aðalfundi hafa:

Með atkvæðisrétti:

- Allir fullgildir félagar skátafélagsins sem verða 15 ára á árinu og eldri
- Forráðamenn allra fullgildra félaga skátafélagsins yngri en 15 ára

Með málfrelsi og tillögurétt:

- Allir fullgildir félagar skátafélagsins og forráðamenn þeirra
- Fulltrúar stjórnar BÍS og aðrir boðnir gestir

7. grein – Boðun aðalfundar

Aðalfundur skal boðaður skriflega af stjórn skátafélagsins með minnst tveggja vikna fyrirvara til fullgildra félaga og telst tölvupóstur sendur á uppgefin netföng í félagatali gilt fundarboð. Stjórn BÍS skal tilkynnt um fundinn með tölvupósti með a.m.k. 2ja vikna fyrirvara.

Í fundarboði skal dagskrá aðalfundar félagsins liggja fyrir, drög að ársskýrslu, ársreikningar séu þeir tilbúnir og allar upplýsingar sem liggja fyrir um lagabreytingar og framboð til stjórnar. Að aðalfundi loknum skulu allir fullgildir félagar fá senda fundargerð, niðurstöður kosninga og samþykktá ársskýrslu og ársreikninga skátafélagsins eigi síðar tveimur mánuðum eftir fund.

8. grein – Verkefni aðalfundar

Verkefni aðalfundar eru:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Ársskýrsla félagsins og umræður um hana.
3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til umræðu og samþykktar.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning félagsforingja.
6. Kosning annarra stjórnarmanna.
7. Kosning eins skoðunarmanns reikninga.
8. Önnur mál.

Fullgildir félagar hafa rétt til að fara fram á að dagskráriðum sé bætt við dagskrá aðalfundar, slíkum óskum skal beina til stjórnar skátafélagsins. Stjórn félagsins hefur einnig heimild til að bæta fleiri dagskráriðum við dagskrá aðalfundar. Upptaka viðbættra dagskráriða er háð samþykkt aðalfundarins sjálfs. Skulu þeir auglýstir í fundarboði og fundarstjóri ber viðbætta dagskráriði endanlega upp við aðalfund til samþykktar.

Lög þessi, ársskýrsla og ársreikningar skulu vera fundarmönnum aðgengilegir á aðalfundi og eftir aðalfund skulu þau skjöl aðgengileg viðeigandi aðilum.

9. grein – Lögmæti aðalfundar

Aðalfundur er löglegur sé ákvæðum 6., 7. og 8. greinar fylgt eftir

10. grein – Stjórn

Stjórn skal skipuð 3 – 5 manns. Stjórnarmenn geta sinnt fimm hlutverkum sem félagsforingi, aðstoðarfélagforingi, gjaldkeri, ritari eða meðstjórnandi. Félagsforingi er kjörinn sérstaklega en að öðru leiti skiptir stjórn með sér verkum. Séu færri enn fimm í stjórn skulu stjórnarmenn fyrst skipta með sér stöðum gjaldkera og aðstoðarfélagsforingja. Félagsforingi skal uppfylla kröfur Bandalags íslenskra skáta um hæfi til starfans. Gjaldkeri félagsins skal vera fjárráða. Stjórnin er kjörin til eins árs í senn. Stjórn félagsins heldur fundi þegar þurfa þykir og reyna að jafnaði að hittast mánaðarlega. Nýkjörinn stjórn skal halda fyrsta fund og skipta með sér verkum innan við mánuði frá aðalfundi.

11. grein – Hlutverkalýsing stjórnarmanna

Félagsforingi:

- Er fulltrúi félagsins út á við.
- Boðar og stjórnar fundum félagsstjórnar og félagsráðs.
- Fylgir eftir ákvörðunum aðalfunda, foringjaráðsfunda og stjórnarfunda.
- Skipar foringja og embættismenn félagsins í samráði við aðstoðarfélagsforingja.
- Útbýr erindisbréf til starfshópa eftir þörfum hverju sinni.
- Gerir samninga fyrir hönd félagsins í samræmi við ákvörðun stjórnar.
- Gegnir störfum aðstoðarfélagsforingja í forföllum hans.

Aðstoðarfélagsforingi:

- Sér um rekstur og skipulagningu félagsstarfsins og hefur reglubundið eftirlit með skátastarfinu í félagini.
- Boðar of stjórnar foringjaráðsfundum félagsins.
- Heldur utan um foringjabjálfun.
- Heldur utan um dagskrá félagsins.
- Hefur umsjón með því að atburðir félagsins séu undirbúnir og auglýstir tímanlega.
- Sér um viðurkenningamál félagsins.
- Aðstoðarfélagsforingi gegnir störfum félagsforingja í forföllum hans.

Gjaldkeri

- Varðveitir félagssjóð og annast greiðslu reikninga.
- Sér um öll fjármál félagsins og hefur eftirlit með sjóðum félagsins, smærri sem stærri.
- Hefur umsjón með félagatali og innheimtu félagsgjalda.
- Útbýr ársreikninga félagsins og kynnir á aðalfundi.
- Annast umsjón með tryggingum félagsins og öðrum fjárhagslegum skuldbindingum.

Ritari

- Útbýr fundargerðir á stjórnarfundum og öðrum fundum félagsins sem kalla eftir því
- Sér um vistun gagna og upplýsingagjöf félagsins um helstu viðburði
- Er til stuðnings í bréfaskriftum fyrir félagið

Meðstjórnandi:

- Hefur umsjón með skátaheimili félagsins, þ.m.t. þrifum og viðhaldi.
- Hefur umsjón með búnaðarmálum

Sameiginlega ber stjórn ábyrgð á stefnumótun félagsins, fjárreiðum, mannaði og uppbyggini aðstöðu fyrir félagið. Einnig upplýsingagjöf innan og utan félagsins, samstarfi við önnur félög og samtök, félagatali o.fl. Stjórn félagsins er heimilt að setja reglugerðir um einstaka þætti félagsstarfsins, t.d. fjármál, blaðaútgáfu, skemmtanahald, skálaferðir

o.þ.h. Um slíkar reglugerður skal fjallað á aðalfundi og þær staðfestar.

12. grein – Viðbrögð við ófyrirséðum starfslokum

Hætti stjórnarmaður störfum einhvern tíma milli aðalfunda kýs foringjaráð félagsins að fengnum tillögum stjórnar annan í hans stað til bráðabirgða fram að næsta aðalfundi.

13. grein – Starfsmenn

Stjórn félagsins er heimilt að ráða starfsmann, einn eða fleiri. Hún ákveður starfssvið og starfskjör í samráði við viðeigandi aðila.

14. grein – Félagsráð

Í félaginu starfar félagsráð sem í eiga sæti félagsstjórn og allir sjálfboðaliðar sem sinna innra starfi þess. Félagsráð heldur fundi a.m.k. tvisvar sinnum á starfsári. Félagsráð er ráðleggjandi um starfsáætlun félags félagsgjöld þess. Félagsforingi stjórnar fundum félagsráðs.

15. grein – Foringjaráð

Í félaginu starfar foringjaráð sem í eiga sæti aðstoðarfélagsforingi og allir foringjar félagsins, aðstoðarsveitarforingjar og æðri. Foringjaráð heldur fundi einu sinni í mánuði að jafnaði nema sumarmánuðina og þá mánuði sem félagsráð hittist. Foringjaráð er samstarfs- og stuðnings-vettvangur foringja félagsins og annast nánari útfærslu á dagskráliðum. Aðstoðarfélagsforingi stjórnar fundum foringjaráðs.

Kafli D – Um fjármál og eignir

16. grein – Um fjármál

Félagsgjöld skátafélagsins eru ákveðin í upphafi starfsárs af stjórn og félagsráði skátafélagsins. Þau skulu nýtt til að greiða útgjöld vegna félagsstarfsins og afgangur þeirra skal geymdur í sjóðum félagsins.

Félagið leggur sig fram við að leita styrkja hjá aðilum sem veita æskulýðsstarfi fjárstyrki. Félagið ver þeim fjárstyrkjum til uppbyggingu félagsins, viðhalds, búnaðarkaupa eða til að niðurgreiða þátttökugjöld félagsmanna.

Skátafélagið er æskulýðsfélag og félagar þess hafa ekki tilkall til eigna þess. Fjármunir eru aldrei greiddir út til einstaklinga nema fyrir þjónustu í þágu félagsins samkvæmt samþykkt stjórnar og ekki án þess að reikningar fyrir slíkri þjónustu séu lagðir fram, geymdir að félaginu og aðgengilegir félögum og öðrum viðeigandi aðilum.

17. grein – Um eignir

Félagið heldur eignarskrá um búnað, fasteignir, lóðir og aðrar veraldlegar eignir sem félagið kann að eignast meðan það starfar. Þessar eignir eru skátafélagsins og félagar þess hafa ekki tilkall til þeirra. Umsýslu með slíkar eignir skal alltaf vera í þeim tilgangi að tryggja bætta starfsemi félagsins svo lengi sem það er starfrækt.

18. grein – Slit á félaginu

Ákveði félagið að hætta störfum er slík ákvörðun fyrst tilkynnt til BÍS sem fær tvö ár til að reyna að tryggja áframhaldandi starfsemi þess. Fulltrúa BÍS skal tryggð prókúra og hefur umboð til að semja fyrir hönd félagsins eingöngu í þeim tilgangi að tryggja áframhaldandi félagsstarf skátafélagsins. Takist það ekki skal félaginu næst formlega slitið og allir fjármunir og eignir renna óskiptar til æskulýðs- og/eða frístundastarfs bæjarfélaganna tveggja.

Kafli E – Gildi þessara laga

19. grein – Lagabreytingar

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn félagsins fyrir 15. janúar ár hvert og skulu birtar í fundarboði. Lögum þessum verður aðeins breytt ef tveir þriðju hlutar kosningarbærra fundarmanna greiða atkvæði með lagabreytingartillögum. Ákvörðun um að hækta störfum tekur ekki gildi nema fimm sjöttu hlutar kosningarbærra fundarmanna greiði atkvæði með slitum félagsins.

Lög þessi voru samþykkt á stofnundi félagsins 21.05.2022

HEIÐA RÚN INGIBRÍTRÍKJARÍD 0410842439.

Helga Ráðel Árnardóttir 2004902589
Bergþíseva Gunnlaugsd. 1710952129

Ragnheiður Ólafsdóttir Hrafnkelsdóttir 101284-3449
Jórunn Dagbjörg Jónsdóttir 0709952989